



Fundargerð 1. fundar skólanefndar FG skólaárið 2012-2013

Dagsetning: föstudagur 31. ágúst kl.12:00

Mættir voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Inga Lind Karlsdóttir, Jónína A. Sanders, Áslaug Hulda Jónsdóttir varamaður Halldóru Matthíasdóttur, Þórður Ingason, Halldór S. Magnússon, Sigríður Einarsdóttir fulltrúi foreldra og Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri.

Dagskrá:

1. Upphaf haustannar
2. Breytingar á starfsmannamálum
3. Fjármál
4. Framkvæmdáætlun 2012-2013
5. Skipan nýrrar skólanefndar
6. Önnur mál

1. Almenn umræða um busavíglur fór fram. Hefðbundinn busadagur var í skólanum í gær. Farið var með nemendur í ferðalag úr bænum strax eftir busunina. Önnin fer almennt vel af stað. Nýjum eldri nemendum í skólanum hefur fækkað. Helstu áherslur á önninni verða á kynjafræði/jafnrétti, auknar kröfur í námi og aukinn aga og festu.

2. Fjöldi breytinga í starfsmannamálum er svipaður milli skólaára. Kynjahlutföll meðal starfsmanna eru ca. 30 % karlmenn á móti 70% kvenna. Meðvitað er reynt að jafna hlutföllin við mannaáráðningar ef jafnhæfir einstaklingar sækja um sömu stöðu.

3. Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlun 2011 og 2012 sem fundarmenn höfðu fengið sendar í pósti. Ljóst er að búist er við einhverjum halla í rekstrinum þetta skólaár en hann er innan skekkjumarka. FG stendur ekki illa í samanburði við aðra framhaldsskóla almennt.

Fram kom að skólinn hefur ekki ennþá fengið svar við ósk um að taka þátt í verkefninu „nám er vinnandi vegur“ með því að bjóða upp á síðdegisnám í listgreinum. Haldið verður áfram að knýja á um svar.

4. Farið var yfir framkvæmdáætlun skólans en hún er ítarlegri en áður þar sem búist er að bæta inn í hana framkvæmdaatriðum úr skólasamningi og jafnréttisáætlun. M.a. kom fram að búist er að taka í notkun nýja verkefnastofu sem kemur til móts við aukna þörf á aðgengi að upplýsingatækni. Einnig var farið yfir stöðu mála í innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Stýrihópur um heilsuefandi framhaldsskóla mun hittast fljótlega og gera áætlun fyrir skólaárið með áherlsu á hreyfingu.

5. Breyting á skólanefnd er framundan þar sem Inga Lind Karlsdóttir og Halldór Magnússon gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þeim voru færðar þakkir fyrir langa og farsæla nefndarsetu.

6. Ritnefnd um sögu skólans er búin að lesa yfir frumdrög. Efninu á eftir að þjappa saman og sjá menn fyrir að útgáfan verði á rafrænu formi.

Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri ritaði fundargerð.